

BÍÓ

290. tbl. mars 2018

MYNDIR

mánaðarins



BYGGT Á METSÖLUBÓK GUNNARS HELGASONAR

VÍTI Í VESTMANNAEYJUM




GEFÐU OREO

TAKTU ÞÁTT

Í SKEMMTILEGUM LEIK!

WWW.OREO.IS



ÞÚ GÆTIR UNNIÐ

ZTECH RAFMAGNSVESPU EÐA

A8 SAMSUNG SNJALLSÍMA!

#GEFÐUOREO

R Í S U M U P P

NÝTT
Í BÍÓ
FRUMSÝND
23. MARS



PACIFIC RIM UPRISING



Magnaður mars

Jæja, þá er þriðji mánuður ársins 2018 runninn upp og framundan er góður tími til að skreppa í bíó og sjá einhverja(r) af þeim tólf myndum sem eru á dagskrá bíóhúsanna, en eins og sjá má á listanum hér fyrir neðan og þegar blaðinu er flett áfram þá kennir þar eins og venjulega ýmissa grasa í erlendu myndunum auk þess sem tvær íslenskar myndir eru þarna á meðal.

Dagskráin í mars:


2. mars	Red Sparrow	Bls. 14
2. mars	Steinaldarmaðurinn	Bls. 16
2. mars	Andið eðlilega	Bls. 17
9. mars	Death Wish	Bls. 18
16. mars	Tomb Raider	Bls. 20
16. mars	Hostiles	Bls. 22
16. mars	Gringo	Bls. 23
23. mars	Víti í Vestmannaeyjum	Bls. 24
23. mars	Pacific Rim Uprising	Bls. 26
28. mars	Pétur kanína	Bls. 28
28. mars	Every Day	Bls. 29
28. mars	Ready Player One	Bls. 30

Við viljum svo eins og venjulega einnig vekja athygli kvikmyndunnenda á DVD- og VOD-útgáfunni sem kynnt er hinum megin í blaðinu, auk fjögurra nýrra tölvuleikja. Góða skemmtun!

- Ritstjóri.

Viltu vinna bíómiða fyrir tvo í eitthvert kvikmyndahúsanna?

Finndu þá sólina og taktu þátt í leiknum!

Leikurinn er ekki flókinn. Þú þarft að finna litla sól sem reynir að skína skært á einni síðunni hér bíómegin í blaðinu og lítur út eins og þessi: 

Ef þú finnur sólina og vilt taka þátt í leiknum skaltu fara inn á [facebook.com/myndirmanadarins](https://www.facebook.com/myndirmanadarins) og senda okkur rétta svarið **með skilaboðum**, þ.e. númerið á blaðsíðunni þar sem sólin er. Ekki gleyma að hafa **fullt heimilisfang** og póstnúmer með svarinu.

Frestur til þátttöku er til og með **21. mars**. Valið verður af handahófi úr réttum lausnum fljótlega eftir það og verða nöfn vinningshafa síðan birt á Facebook-síðunni okkar og í næsta tölublaði sem kemur út í lok mars.

Vinningshafar í síðasta leik, finndu snjókornið:

Ásgeir Hilmarsson, Efstahjalla 25, 200 Kópavogi
Sara María Björnsdóttir, Esjuginn 51, 116 Reykjavík
Íris Margrétardóttir, Austurvegi 6, 240 Grindavík
Valur Valtýsson, Hásteinsvegi 60, 900 Vestmannaeyjum
Lára Guðný Þorvaldsdóttir, Ásatúni 8 #201, 600 Akureyri

Takk fyrir þátttökuna!

MYNDIR MÁNAÐARINS

290. tbl. mars 2018

Útgefandi: Myndir mán. ehf., Trönuhrauni 1, 220 Hafnarfríði, sími 534-0417

Heimasíða: www.myndirmanadarins.is

Ábyrgðarmaður: Stefán Unnarsson / myndmark@islandia.is

Texti / Umbrot: Bergur Ísleifsson

Prófkör: Veturliði Óskarsson

Prentun / Bókband: Ísafoldarprentsmiðja

Upplag: 21.000 eintök

FRÁ NICK PARK
OG HÖFUNDUM CHICKEN RUN

STEINALDAR MAÐURINN

STUDIOCANAL LOTTERY FUNDED Aardman MEDIA

FRUMSÝND 2. MARS 2018 E.KR.



LAUGARÁS
BÍÓ
- bara lúxus -

HÁSKÓLA BÍÓ SMÁRA BÍÓ

BORGAR BÍÓ

„Ég mundi vilja
fá gamla epla
kristalinn aftur.“



Kristall með eplabragði snýr aftur vegna fjölda áskorana

Ölgerðin hefur á ný framleiðslu á Kristal með eplabragði eftir 10 ára fjarveru drykkjarins.
Ákvörðunin var tekin í kjölfar fjölda áskorana aðdáenda Kristals á samfélagsmiðlum.

Ögils



Nítjándi Marvel-myndin og um leið þriðja *Avengers*-myndin er væntanleg í bíó 27. apríl og í þetta sinn eru nánast allar þær ofurhetjur sem við höfum kynnst í þessum myndum mættar til leiks í baráttunni við hinn ógurlega Thanos sem kominn er til jarðar ásamt sínum grimma og ómennska her til að finna svokallaða „eilífðarsteina“. Takist honum það verður hann ósigrandi og það má alls ekki gerast enda er þá úti um mannkynið. Við kynnum myndina betur í næsta blaði en hér eru nokkrar myndir í forrétt, þ. á m. þessi hér fyrir ofan sem tekin er þegar stór hluti leikhópsins kom saman á dögnum til að kynna myndina.



Black Panther og hans lið mætir að sjálfsgöðu til leiks.



Í þetta sinn þurfa ofurhetjurnar að glíma við hinn ógurlega Thanos sem James Brolin leikur, en Thanos er öflugri en nokkur annar óvinur sem þær hafa séð og um leið sá hættulegasti.



Vetrarbrautarverðirnir mæta líka til að berjast við Thanos.



Stund milli stríða en hér slaka á milli atriða þeir Benedict Cumberbatch, Robert Downey Jr., Mark Ruffalo og Benedict Wong.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

www.kia.com

Sportlegur og rúmgóður ferðafélagi

Veglegur útvistarpakki fylgir Stonic

Afborgun á mánuði:

19.777 kr.

Verð frá 2.990.777 kr. m.v. 40% lán til 84 mánuða. Heildarkostnaður láns er 3.456.777 kr. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,47%



STONIC



The Power to Surprise

Njóttu þess að ferðast á einstökum Stonic

Kia Stonic er sportlegur borgarjeppeingur sem hentar vel fyrir gönguskiðin, fjallgöngurnar og veiðitúrana. Hátt er undir lægsta punkt sem eykur útsýni og aðgengi er þægilegt. Stonic er hlaðinn staðalbúnaði; AEB árekstrarvörn, hiti í stýri og sætum, bakkmyndavél og sjálfvirk loftkæling. **Veglegur útvistarpakki frá Fjallakofanum að verðmæti 100.000 kr. fylgir í takmörkuðu upplagi.**

Kia Stonic EX verð frá:

2.990.777 kr.

Verð áður: ~~3.140.777 kr.~~

Komdu og reynsluaktu Kia Stonic. Honum fylgir að sjálfsögðu sjö ára ábyrgð.*



Black Panther slær met

Vinsældir nýjustu Marvel-myndarinnar *Black Panther* hafa verið miklar og farið langt fram úr vonum manna en hún er þegar orðin mest sótt mynd allra tíma á fyrstu sýningarvikunni í febrúar og mun sennilega einnig slá aðsóknarmet viku tvö. Um leið er hún orðin aðsóknarmesta mynd svarts leikstjóra frá upphafi. Ryan Coogler hefur því góða ástæðu til að brosa breitt og þess má geta að það eru allar líkur á að hann muni leikstýra annarri *Black Panther*-mynd áður en langt um líður.



Nýjasta Disney-myndin kynnt

Ævintýramyndin *A Wrinkle in Time* verður frumsýnd í byrjun apríl og er búist við að hún muni njóta mikilla vinsælda en sagan er byggð á samnefndri bók Madeleine L'Engle sem kom út árið 1962 og var fyrsta bókin af nokkrum sem fjölluðu um ævintýri krakkahóps sem leituðu föður tveggja þeirra en hann hafði horfið sporlaust nokkrum árum áður þegar hann vann að vísindatilraun. Disney-fyrirtækið lét gera sjónvarpsmynd eftir þessari sögu árið 2003 en í þetta sinn var miklu meira lagt í gerð myndarinnar og verður gaman að sjá útkomuna 6. apríl. Meðfylgjandi mynd var tekin á kynningu á myndinni og eru þetta sex af aðalleikurunum, f.v. Oprah Winfrey, Mindy Kaling, Reese Witherspoon, Chris Pine, Storm Reid og Ava DuVernay.



Hverjir fá Óskarsverðlaunin?

Þegar þetta blað kemur út er tæp vika í að Óskarsverðlaunin 2018 verði afhent og verður spennandi að sjá hvaða myndir og fólk hljóta þessi eftirsóttustu verðlaun kvikmyndaiðnaðarins að þessu sinni. Flestra augu eru sennilega á myndinni *Three Billboards Outside Ebbing, Missouri* sem hefur verið sigursæl á verðlaunahátíðum hingað til og landaði bæði Golden Globe- og BAFTA-verðlaununum sem besta mynd ársins, fyrir besta handrit, fyrir besta leik í aðalhlutverki kvenna og fyrir besta leik í aukahlutverki karla. Fáir hún þessa fernu einnig á Óskarshátíðinni verður hún um leið fyrsta myndin til að gera það á öllum þessum þremur hátíðunum. En auðvitað getur allt gerst þegar Óskarinn er annars vegar og það eru mörg dæmi um að bandaríska kvikmyndaakademían fylgi ekki öðrum verðlaunahátíðum eftir, sérstaklega hvað varðar val á bestu mynd ársins.

Á meðfylgjandi mynd sem var tekin eftir afhendingu BAFTA-verðlaunanna eru þau Martin McDonagh, leikstjóri og handritshöfundur, framleiðendurnir Peter Czernin og Graham Broadbent, og á milli þeirra leikararnir frábæru, Sam Rockwell og Frances McDormand. Hljóti Frances Óskarsverðlaunin, sem þykir meira en líklegt, verður það annar Óskarinn sem hún hampar en þetta er í fyrsta sinn sem Sam er tilnefndur.



Stór mætir stórum

Meðfylgjandi ljósmyndir voru teknar þegar verið var að taka upp atriði í myndinni *Rampage*, en hún er nú svo gott sem tilbúin og verður frumsýnd í apríl. Dwayne Johnson leikur aðalhlutverkið en leikarinn til hægri á myndinni heitir Jason Liles og er eins og sést útbúinn fyrir svokallað „hreyfigrip“, eða „motion capture“ á ensku þar sem tölvutæknin er notuð til að færa viðkomandi leikara í búning persónunnar sem hann leikur. Í þessu tilfalli er um aþann Georg að ræða sem segja má að sé í öðru aðalhlutverki myndarinnar á móti Dwayne. *Rampage* er annars ævintýramynd, lauslega byggð á samnefndum tölvuleik sem leit fyrst dagsins ljós árið 1986 og naut mikilla vinsælda á sínum tíma. Kíkið á stíkluna!



KASSAÐU
ÞIG INN Á
ÞJÓÐHÁTÍÐ

7000 KR.

**AFSLÁTTUR AF MIÐAVERÐI MIÐAÐ VIÐ
FULLT VERÐ EFTIR AÐ FORSÖLU LÝKUR**

Sæktu appið á kass.is



Kass
frá Íslandsbanka



Hin ótrúlegu snúa aftur

Teiknimyndin *Hin ótrúlegu*, eða *The Incredibles* sem Pixar sendi frá sér árið 2004 er að mati margra teiknimyndaunnenda ein af þremur bestu Pixarmyndunum og tvímælalaust ein sú fyndnasta. Í júní næstkomandi er komið að frumsýningu framhaldsmyndar um hina fjölhæfu Parr-fjölskyldu og var fyrsta 90-sekúndna stiklan úr henni frumsýnd núna í febrúar. Óhætt er að kalla hana frábæra og viljum við hvetja alla teiknimyndaáðdáendur til að kíkja á hana. Þess má geta að sagan í myndinni er þráðbeint framhald af sögu fyrri myndarinnar, svo þráðbeint reyndar að hún hefst nánast þar sem sú fyrri endaði.



Nýja myndin tilbúin

Þetta eru leikstjórinn Jason Reitman, leikkonan Charlize Theron og handritshöfundurinn Diablo Cody sem hér taka á móti einum af fjölmörgum verðlaunum sem mynd þeirra *Young Adult* hlaut árið 2012, en hún sagði frá konu einni, Mavis Gary, sem sneri aftur á æskulóðirnar eftir margra ára fjarveru og rótaði hressilega upp í gömlum glæðum. Nú hafa þau þremmenningar gert nýja mynd saman sem fer í almenna dreifingu í apríl og nefnist *Tully*. Hún segir frá Marlo sem er nýorðin móðir í þriðja sinn og er alveg úrvinda af þreytu og svefnleysi því fyrir utan stanslausan grát nýfædda barnsins allar nætur eru hin tvö börnin, fimm og átta ára, þurftarfrek með afbrigðum. Eiginmaðurinn er til lítills gagns en þegar bróðir Marlo sér hvernig staðan er hjá systur sinni ákveður hann að ráða unga konu, Tully, til að hjálpa henni að komast yfir það versta. Í fyrstu er Marlo skeptísk í garð Tullyar en það á eftir að breytast þegar Tully byrjar að taka til hendinni og sýna úr hverju hún er gerð.

Myndin var frumsýnd á Sundance-hátíðinni, hefur fengið mjög góða dóma og eru allir sem skrifað hafa um hana sammála um að Charlize Theron vinni hér enn einn leiksigurinn í hlutverki hinnar örpreyttu Marlo sem gjörbreytist við komu Tullyar.



Ekkert lamb að leika sér við

Það bíða margir spenntir eftir *Deadpool*-framhaldsmyndinni sem þrátt fyrir að verða frumsýnd í maí er ekki enn komin með sértítl og nefnist því bara *Deadpool 2*. Þeir sem standa að myndinni hafa gætt þess að sem minnst spyrjist út um söguna og hafa stiklurnar úr henni ekki bætt þar um skák enda meira í ætt við sjálfstæða brandara en stiklur. Ýmislegt er þó vitað, m.a. að Josh Brolin leikur einn af vöndu köllumum sem Wade Wilson/Deadpool þarf að glíma við, hinn volduga Nathan Summers eða Cable eins og hann er kallaður. Cable þessi er áberandi í nýjustu stiklunni og það er nokkuð ljóst að forráðamenn Marvel eru hrifnir af Josh Brolin í hlutverki þess vönda því hann var einnig fenginn til að leika hinn ægilega Thanos í nýjustu *Avengers*-myndinni. Hér er hann í fullum skrúða sem Cable.



Minnislaus milljónamæringurinn

Ein af þeim myndum sem væntanlegar eru í bíó í apríl er gamanmyndin *Overboard* sem er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1987 með þeim Kurt Russell og Goldie Hawn í aðalhlutverkum. Í aðalhlutverkum nýju myndarinnar eru hins vegar þau Anna Faris og mexíkóski grínistinn Eugenio Derbez sem við sáum síðast í myndinni *How to Be a Latin Lover*. Við kynnum þessa mynd nánar í næsta blaði en þangað til er auðvitað tilvalið að kíkja á bráðskemmtilega stikluna sem komin er á netið.

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?



Tveir tryllar í apríl

Það er ekki hægt að fara alveg tryllalaus í gegnum tvo mánuði í röð og því verður boðið upp á a.m.k. tvo slíka í kvikmyndahúsum í apríl, sem báðir eru meira en lítið áhugaverðir.



Fyrst skal nefna myndina *A Quiet Place* eftir leikarann og nú leikstjórnann John Krasinski, en hún er gerð eftir handriti Bryans Woods og Scotts Beck sem árið 2016 fór í efsta sætið á lista bandarískra handritshöfunda, svokallaðan Tracking Board-lista, þar sem finna má þau handrit sem samtökin telja þau bestu hverju sinni og hafa ekki verið kvikmynduð. Sagt er að John hafi hrifist mjög af þessu handriti (sem innihélt upphaflega bara eina línu af mæltu máli), svo og eiginkona hans, leikkonan Emily Blunt, og ákváðu þau að taka sjálf að sér aðalhlutverkin eftir að John var ráðinn sem leikstjóri.

Myndin gerist í náninni framtíð þegar einhvers konar óvættir hafa náð jörðinni á sitt vald og útrýmt meirihluta mannkyns. Þeir sem eftir lifa eru í bráðri lífshættu og þurfa að gæta þess að gefa ekki frá sér nein hljóð því ef þau gera það þá ráðast þessi skrimсли á þau. En hvernig er hægt að lifa án þess að gefa nokkurn tíma frá sér hljóð? Svar: Það er ekki hægt.



Seinni myndin heitir *The Strangers: Prey at Night* og er eftir Johannes Roberts sem sendi síðast frá sér hákarlatryllinn *47 Meters Down*. Myndin segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem er á ferðalagi og hefur fengið vilyrði frá ættingjum sínum um að gista eina nótt í hjólhýsi þeirra sem stendur á afskekktum stað. Það fyrsta sem þau taka eftir við komuna þangað er að einhver virðist búa nú þegar í hjólhýsinu þótt hann sé hvergi sýnilegur. Hjónin og börn þeirra tvö ákveða að sjá hvað verða vill en eftir að hafa hreiðrað um sig uppgötva þau – allt of seint auðvitað – að þau eru lent í sannkallaðri dauðagildru. Með aðalhlutverkin fara þau Christina Hendricks, Bailee Madison, Lewis Pullman og Emma Bellomy en sagan í myndinni, sem er eftir Bryan Bertino, er sögð sækja innblásturinn í sanna atburði. Við kynnum báðar þessar myndir betur í aprílblaðinu.



Frækilegt björgunaraufrek

Þann 27. júní árið 1976 var farþegaþotu Air France sem var á leið frá Tel Aviv til Parísar rænt með 248 farþegum innanborðs og skipuðu flugræningjarnir flugstjóranum að fljúga vélinni til Entebbe-flugvallar í Úganda. Þeir áttu síðan fljótlega eftir að sleppa þeim farþegum vélarinnar sem voru ekki ísraelskir ríkisborgarar en hótuðu að taka þá af lífi einn af öðrum ef ísraelska ríkisstjórnin gengi ekki að kröfum þeirra. Þær snerust að mestu um að ríkisstjórnin leysti úr haldi 40 palestínska fanga og að 13 öðrum sem voru í fangelsi í öðrum löndum yrði líka sleppt. Ljóst var frá upphafi að Idi Amin, hershöfðingi og forseti Úganda, studdi flugræningjana og þar með her landsins.

Í hönd fóru nokkrir spennandi dagar sem fengu allan heiminn til að standa á öndinni. Þann tíma notaði leyniþjónusta Ísraels til að skipuleggja björgunaraðgerð sem hefði allt eins getað farið úrskaiðis með hrikalegum afleiðingum. En aðgerðin sem var kölluð „þrumufleygur“ heppnaðist nánast fullkomlega og hefur allar götur síðan verið talin eitt magnaðasta björgunaraufrek sögunnar. Í apríl verður frumsýnd myndin *7 Days in Entebbe* eftir José Padilha þar sem þessum atburðum eru gerð skýr skil og verður gaman að sjá hvernig til hefur tekist.



Síðasta tilnefnda myndin í bíó

Í apríl verður loksins frumsýnd hér á landi myndin *Lady Bird*, en hún er jafnframt síðasta myndin sem ratar í bíó af þeim níu sem tilnefndar eru til Óskarsverðlauna sem besta mynd ársins 2017. *Lady Bird* þykir snilldarmynd í alla staði en fyrir utan tilnefninguna sem besta mynd ársins er hún einnig tilnefnd fyrir besta leik í aðal- og aukahlutverki kvenna, og fyrir handritið og leikstjórnina en höfundur handritsins og leikstjóri er Greta Gerwig. Kíkið endilega á stórskemmtilega stíkluna.

FIMM MÍNÚTUR

FUNHEIT MÁLTÍÐ



Veldu á milli fimm girnilegra tegunda af Snack Pot frá Knorr. Réttirnir eru þægilegir, ljúffengir og fljótlegir.

Kynntu þér úrvalið á [KNORR.IS](https://www.knorr.is)



Red Sparrow

Njósnatryllir



Aðalhlutverk: Jennifer Lawrence, Joel Edgerton, Charlotte Rampling, Mary-Louise Parker, Ciarán Hinds, Matthias Schoenaerts, Jeremy Irons, Joely Richardson og Douglas Hodge **Leikstjórn:** Francis Lawrence
Bíó: Smárabíó, Laugarásbíó, Sambíóin Egilshöll og Keflavík, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Borgarbíó Akureyri, Eyjabíó og Selfossbíó

Frumskýnd 2. mars



Veistu svarið?

Leikkonan Charlotte Rampling, sem er orðin 72 ára og leikur stórt hlutverk í *Red Sparrow*, á að baki leik í mörgum þekktum myndum, þ. á m. afar sérstæðri vísindafantasíu Johns Boorman árið 1974 þar sem hún lék á móti Sean Connery. Hvað heitir sú mynd?



zopioz

Hverjum getur þú treyst?

Dominika Egorova er ung kona sem er þröngvað til að ganga í gegnum þjálfun þar sem henni og öðrum ungum Rússum er hreinlega breytt í stórhættulega útsendara rússnesku leyniþjónustunnar. Í því starfi kemur það sér vel fyrir Dominku að hún hefur einstaka hæfileika til að „sjá“ tilfinningar manna.

Red Sparrow er byggð á frábærri verðlauna- og metsölunjósna sögu fyrrverandi CIA-mannsins Jasons Matthews sem var öllum hnútum kunnugur varðandi njósna- og gagnnjósnaþingur þegar hann ákvað að söðla um og gerast rithöfundur. *Red Sparrow* varð hans fyrsta bók og er hún í dag af mörgum talin ein besta njósna saga allra tíma enda listilega skrifuð og af innsæi og reynslu manns sem gjörþekkir hinn flókna heim njósna.

Þeim sem ekki hafa lesið bókina er enginn greiði gerður með því að útlista söguþráðinn enda langskemmtilegast að láta hann koma sér á óvart ... sem hann mun pottþétt gera!



Jennifer Lawrence leikur hina seiðandi Dominiku Egorova sem er í raun stórhættulegur og þrautþjálfður gagnnjósnari.

Punktar

- *Red Sparrow* er í raun fyrsti hlutinn af þríleik og heita hinar tvær bækurnar *Palace of Treason* og *The Kremlin's Candidate*. Það stendur auðvitað til að kvikmynda þær líka en sjálfsagt veltur það að stóru leyti á viðtökunum sem *Red Sparrow* á eftir að fá hjá kvikmyndaáhugafólki hvenær af því verður.

- Leikstjóri myndarinnar er Francis Lawrence en hann og Jennifer Lawrence ættu að vera orðin vel kunnug því þau unnu einnig saman við gerð *Hunger Games*-myndanna *Catching Fire* og *Mockingjay 1 og 2*.



Joel Edgerton leikur bandaríska leyniþjónustumanninn Nathaniel Nash sem flækist í vef Dominiku ... eða er það kannski öfugt?



Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.





Steinaldarmaðurinn

Leirbrúðumynd

L

95
min

Íslensk talsetning: Viktor Már Bjarnason, Hjálmar Hjálmarsson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson, Steinn Ármann Magnússon, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Stefanía Svavarsdóttir, Selma Björnsdóttir og Sigríður Eyrún Friðriksdóttir **Leikstjórn:** Tómas Freyr Hjaltason **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 2. mars



Enga bronsöld hér!

Steinaldarmaðurinn er glæný leirbrúðumynd eftir Nick Park sem gerði m.a. hina frábæru mynd *Chicken Run* árið 2000 og myndirnar um hina kostulegu Wallace og Gromit, auk þess að vera aðalhöfundur myndanna um hrútinn Hrein og vini hans.

Hér segir frá steinaldarunglingnum Dug sem lifir hamingjuríku lífi ásamt fjölskyldu og vinum í hringlaga dal, talsvert langt frá helstu hættum heimsins eins og eldfjöllum, risaeðlum og loðfílum. Dag einn verður heldur betur breyting á högum þeirra þegar bronsaldarkeisarinn Nooth uppgötvar dalinn og ákveður að sölsa hann undir sig. Við það er Dug skiljanlega ósáttur en má sín til að byrja með lítils gegn allri þeirri nýmóðins tækni sem bronsöldin hefur fært Nooth með tilheyrandi yfirburðum á flestum sviðum. En Dug er úrræðagóður og svo fer að hann nær að skora Nooth á hölm í fótboltaleik um hin endanlegu yfirráð. Vinni bronsaldarliðið eignast Nooth dalinn en vinni steinaldarliðið þarf Nooth að hypja sig. Vandamálið við þetta er að það er ekki til neitt steinaldarlið í fótbolta ...

Punktur

• Sagt er að þeir Wallace og Gromit komi fram í feluhlutverkum í myndinni og eru áhorfendur hvattir til að hafa augun hjá sér!




Allir eiga sér sögu

Í bíómyndinni *Andið eðlilega* er sögum tveggja ólíkra kvenna fléttað saman, annars vegar hælisleitanda frá Gíneu-Bissá og hins vegar ungrar íslenskrar konu sem hefur störf við vega-bréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli. Leiðir þeirra liggja saman á örlagastundu í lífi beggja og tengjast þær óvæntum böndum.

Andið eðlilega er fyrsta mynd Ísoldar Uggadóttur í fullri lengd en hún á að baki fjórar stuttmyndir sem hafa borið hróður hennar víða um lönd og aflað fjölda verðlauna, þar á meðal tvennra Edduverðlauna fyrir myndirnar *Njálsgata* árið 2009 og *Clean* árið 2011, en áður hafði mynd hennar *Góðir gestir* verið valin til sýningar á Sundance-kvikmyndahátíðinni 2007.

Meginþema í myndum Ísoldar hefur frá upphafi verið reynsluheimur kvenna þar sem lögð er áhersla á raunsanna frásögn af raunverulegum aðstæðum og svo er einnig með söguna í *Andið eðlilega*. Við undirbúning á henni gerðist Ísold m.a. sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum þar sem hún komst hún í kynni við erlenda konu sem hafði leitað hælís á Íslandi og þurfti að glíma við margvíslega erfiðleika. Ísold hafði þegar hafð vinnu á sögu efnalíttillar konu, Láru, sem reynir að draga fram lífið fyrir sjálfa sig og barnungan son, en fær tækifæri til betra lífs þegar henni býðst lærlingsstaða á Keflavíkurflugvelli. Innblásin af sögu konunnar sem hún kynntist hjá Rauða krossinum ákvað Ísold að tengja saman sögur þessara kvenna. Inn í atburðarásina fléttast svo tengsl Láru við Eldar son sinn, sem sjálfur vill umfram allt veita kisunni sinni, Músa, öruggt skjól.



Andið eðlilega

Saga úr samtímanum

6 95 min

Aðalhlutverk: Kristín Þóra Haraldsdóttir, Babetida Sadjo, Patrik Nökkvi Pétursson, Bragi Árnason, Sólveig Guðmundsdóttir, Jakob Jónsson, Sveinn Geirsson, Helga Vala Helgadóttir, Þorsteinn Bachmann, Guðbjörg Thoroddsen og Gunnar Jónsson. **Leikstjórn:** Ísold Uggadóttir
Bíó: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 9. mars



Veistu svarið?

Eins og kemur fram í kynningunni hér á síðunni er hælisleitandinn Adja frá Afríkurlíkinu Gíneu-Bissá þar sem opinbera tungumálið er portúgalska. Langflestir landsmenn nota þó sín á milli sértækt afbrigði af portúgölsku. Hvað nefnist það afbrigði?



Kristín Þóra Haraldsdóttir og Patrik Nökkvi Pétursson sem mæðginin Lára og Eldar í verðlaunamynd Ísoldar Uggadóttur, *Andið eðlilega*.

Punktar

- *Andið eðlilega* hefur hlotið frábæra dóma þeirra gagnrýnenda sem séð hafa hana á erlendum kvikmyndahátíðum, t.d. hjá kvikmyndatímaritinu Variety þar sem efnistöð Ísoldar eru sögð minna á efnistöð meistara Ken Loach og belgísku Dardenne-bræðranna.
- Myndin var valin á hina virtu Sundance-kvikmyndahátíð, þar sem hún var verðlaunuð fyrir bestu leikstjórn í flokki alþjóðlegra mynda (World Cinema). Næst fór hún á Gautaborgarhátíðina þar sem hún hlaut Fipresci-verðlaun alþjóðlegra gagnrýnenda. Það tvennt undirstríkar hversu áhrifarík gæðamynd *Andið eðlilega* er.




Í hlutverki hælisleitandans Adju er Babetida Sadjo.

Hvað myndir þú gera?

Eftir að grímuklæddir innbrotsþjófar myrða eiginkonu læknisins Pauls Kersey og stórslasa dóttur hans ... og lögreglan segist ekkert geta gert vegna skorts á vísbendingum, ákveður Paul að taka málin í eigin hendur, finna morðingjana og refsa þeim sjálfur með miskunnarlausum dauðadómi og aftöku.

Death Wish er byggð á samnefndri skáldsögu Brians Garfield sem kom út árið 1972 og olli talsverðum pólitískum usla fyrir utan að vekja miklar umræður í samfélaginu um hversu langt hinn almenni borgari mætti ganga til að ná fram réttlæti þegar lögreglan gerði það ekki. Svo fór að eftir þessari bók var gerð mynd árið 1974 í leikstjórn Michaels Winner með Charles Bronson í aðalhlutverki og er óhætt að segja að hún hafi ekki síður orðið umtöluð og umdeild á sínum tíma, ekki síst vegna þess að í henni var persóna Pauls Kersey gerð mun ofbeldisfullri en hún var í raun í bókinni.

Þessi nýja mynd sem Eli Roth leikstýrir er að hluta til byggð á handriti fyrri myndarinnar en ljóst er að einhverjar breytingar hafa verið gerðar á sögunni, t.d. starfar Paul sem læknir á sjúkrahúsi í Chicago í þessari mynd en var arkitekt í New York í þeirri fyrri. Það má þó glögglega merkja á stiklum myndarinnar að hann mun sem fyrir hvorki taka mildilega á óvinum sínum né sýna þeim miskunn ...



Death Wish

Spennumynd



Aðalhlutverk: Bruce Willis, Vincent D'Onofrio, Elisabeth Shue, Wendy Crewson, Kimberly Elise, Mike Epps, Dean Norris, Camila Morrone og Ronnie Gene Blevins **Leikstjórn:** Eli Roth **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 9. mars



Eftir árásina sem leiddi til dauða eiginkonu Pauls breytir hann sér í eins manns aftökusveit sem sýnir óvinum sínum enga miskunn.

Véistu svarið?

Bruce Willis á nú 38 ára leikferil að baki en segja má að hann hafi fyrst slegið í gegn árið 1985 í geysivinsælum sjónvarpsþáttum sem m.a. voru sýndir hér á landi þar sem hann lék einkaspæjarann David Addison Jr. Hvað hétu þessir vinsælu þættir?



©MGM



Paul Kersey (Bruce Willis) ásamt dóttur sinni Jordan og eiginkonunni Lucy, en þær eru leiknar af þeim Camilu Morrone og Elisabeth Shue.

Punktar

- *Death Wish* er sjötta bíómynd Íslandsvinarins Elis Roth sem leikstjóra en hann á að baki myndirnar *Cabin Fever*, *Hostel 1 og 2*, *The Green Inferno* og *Knock Knock* sem var frumsýnd 2015.
- *Death Wish* hefur hvergi verið sýnd þegar þetta er skrifað en stiklurnar úr henni lofa góðu og þótt dauðsföllin séu mörg og ofbeldið sé eflaust mikið má gera ráð fyrir að stutt sé í húmorinn í ýmsum atriðunum.



Vincent D'Onofrio leikur bróður Pauls, Frank Kersey.

CHRISTIAN BALE

ROSAMUND PIKE

WES STUDI

WE ARE ALL...

HOSTILES

KVIKMYND EFTIR SCOTT COOPER

FRUMSÝND 16. MARS

Að duga eða drepast

Sjö árum eftir að faðir Löru Croft, Richard Croft lávarður, hvarf sporlaust í einni af ævintýraferðum sínum ákveður hún að segja upp sendlastarfinu í London, axla sín skinn og halda til eyjunnar dularfullu þar sem síðast spurðist til föður hennar.

Tölvuleikjapersónan Lara Croft snýr aftur á hvíta tjaldið þann 16. mars eftir fimmtán ára hlé og er í þetta sinn leikin af sænsku leikkonunni og Óskarsverðlaunahafanum Aliciu Vikander. Um er að ræða söguna allt frá upphafi, eða „reboot“ eins og það er kallað á útlensku og er söguþráðurinn sóttur í næstnýjasta tölvuleik seríunnar sem kom út 2013 og hlaut mjög góða dóma leikjaunnenda.

Í byrjun myndarinnar kynnumst við Löru og högum hennar allt frá því að hún er lítil stúlka og þar til hún er fjórtán ára, en það er þá sem hún sér föður sinn í síðasta sinn. Árin líða og Lara þarf að læra að standa á eigin fótum í London þar sem hún menntar sig og tekst með naumindum að hafa í sig og á sem hjólasendill. Allan tímann hefur hún aldrei gefið upp vonina um að finna föður sinn á ný, eða a.m.k. komast að því hvað um hann varð, og að því kemur, sjö árum eftir að hann kvaddi hana, að hún heldur af stað út í heim að leita hans, þvert á ráðleggingar allra sem hún þekkir ...



Tomb Raider

Ævintýri



Aðalhlutverk: Alicia Vikander, Dominic West, Walton Goggins, Nick Frost, Daniel Wu, Kristin Scott Thomas, Hannah John-Kamen, Antonio Aakeel og Emily Carey **Leikstjórn:** Roar Uthaug **Bió:** Sambíóin Álfa- bakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Smárabíó, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumnýnd 16. mars



Eins og búast mátti við inniheldur *Tomb Raider* mörg áhættuatriði sem Alicia Vikander sá sjálf um að framkvæma enda í toppþjálfun.

Veistu svarið?

Eins og kemur fram í kynningunni hér á síðunni er sagan í myndinni sótt í tölvuleikinn sem kom út árið 2013 og var nýtt upphaf sögunnar um Löru Croft. En hvað hét framhaldsleikurinn sem kom út 2015?



Rise of the Tomb Raider



Alicia Vikander leikur Löru Croft sem í leit að föður sínum heldur í stórhættulega ævintýraferð til eyju nokkurrar úti fyrir strönd Japans.

Punktar

- Leikstjóri myndarinnar er hinn norski Roar Uthaug sem sendi síðast frá sér metaðsóknarmyndina *Bølgen*.
- Takið eftir leikkonunni ungu, Emily Carey, sem leikur Löru Croft þegar hún er fjórtán ára, en þetta er sama leikkonan og lék Diönu Prince unga í *Wonder Woman*.
- Þetta er í annað sinn sem Dominic West leikur föður persónunnar sem Alicia Vikander leikur en þau léku einnig feðgin í *Testament of Youth* árið 2014.
- Eins og gefur að skilja var talsverð samkeppni um að hreppa hlutverk Löru Croft og fyrir utan Aliciu fóru þar fremstar í flokki þær Daisy Ridley, Emilia Clarke, Saoirse Ronan og Cara Delevingne. Þess ber þó að geta að Daisy dró sig út þegar ljóst varð að hún myndi leika í næstu *Star Wars*-mynd.
- *Tomb Raider* var tekin upp í London og í óbyggðum Suður-Afríku.



NÝ NÁMSKEIÐ

ENGIN BINDING

BIKINI
BODY BLAST

360
TOTAL BODY

FITNESS
BOX

BETRA FORM

HOT FIT
BARRE

BETRA LÍF

INFRARED
FUSION
PILATES

UNGLINGA-
HREYSTI

INFRARED
HOT POWER
TONING

STRONG
IS THE NEW
SKINNY

GRUNNNÁMSKEIÐ
CROSSFIT
KATLA


STRONG
BODY BURN

TRYGGÐU ÞÉR ÞITT PLÁSS STRAX Í DAG

Sjö stöðvar · Þrjár sundlaugar · reebokfitness.is

CrossFit
KATLA

Reebok
FITNESS



Hostiles

Spennumynd / Vestri



Aðalhlutverk: Christian Bale, Rosamund Pike, Wes Studi, Ben Foster, Stephen Lang, Rory Cochrane, Jesse Plemons, Timothée Chalamet og Jonathan Majors **Leikstjórn:** Scott Cooper **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Bíóhöllin Akranesi, Skjaldborgarbíó, Ísafjarðarbíó, Króksbíó, Borgarbíó Akureyri, Eyjabíó og Selfossbíó

Frumskýnd 16. mars



Joseph ásamt mönnum fjórum sem hann velur til að koma með sér, Thomasi, Philippe, Rudy og Henry en þeir eru leiknir af Rory Cochrane, Timothée Chalamet, Jesse Plemons og Jonathan Majors.

Veistu svarið?

Rosamund Pike leikur hér ekkjuna Rosalie sem verður fljótlega örlagavaldur í sögunni og er þetta í annað sinn á fjórum árum sem Rosamund leikur aðalhlutverk á móti leikara sem leikið hefur Batman. Hver er hinn og í hvað mynd léku þau saman?



Ben Affleck og myndin var Gone Girl

Hver er óvinurinn?

Árið er 1892 og herdeildarforingjanum Joseph Blocker er fyrirskipað að fylgja dauðvona indíanaforingja og fjölskyldu hans frá Berringer-virki í Nýju-Mexíkó til heimaslóða þeirra í Montana. Þótt Joseph, sem hefur um margra ára skeið barist við bæði óvinveitta indíana og annan óþjóðalýð til verndar landnemum, sé meinilla við að taka verkefnið að sér neyðist hann til þess enda kemur skipunin beint frá forseta Bandaríkjanna.

Hostiles er þrumugóð spennumynd og vestri eftir leikstjóranum Scott Cooper sem gerði m.a. myndirnar *Black Mass*, *Out of the Furnace* og *Crazy Heart*. Hinn frábæri leikari Christian Bale fer sem fyrr á kostum í sínu hlutverki en aðrir leikarar í myndinni hafa einnig hlotið toppdóma fyrir sína frammistöðu. Kvikmyndatökan þykir og einstök, svo og öll umgjörðin, sviðsmyndir, búningar og förðun.

Sagan í myndinni er síðan mun viðameiri en hér hefur verið lýst en segja má að framvindan í henni eigi fljótlega eftir að koma bæði persónum myndarinnar og áhorfendum hressilega á óvart ...



Christian Bale leikur Joseph Blocker sem er meinilla við verkefnið sem hann fær en getur ekki óhlyðnast skipuninni sem kemur beint frá forsetanum á þessum tíma, Benjamin Harrison. Christian þykir frábær í hlutverki sínu eins og reyndar allir aðrir leikarar myndarinnar.

Punktar

- ★★★★★ - *Entert. Weekly* ★★★★★1/2 - *Los Angeles Times*
- ★★★★1/2 - *Chicago Sun-Times* ★★★★★1/2 - *ReelViews*
- ★★★★1/2 - *Rolling Stone* ★★★★★ - *Hollywood Reporter*
- ★★★★★ - *Total Film* ★★★★★ - *Empire* ★★★★★ - *N.Y. Times*
- ★★★★★ - *Time Out* ★★★★★ - *W.S. Journal* ★★★★★ - *Wrap*

• *Hostiles* var tekin upp í rétttri tímaröð en hið viðburðaríka ferðalag sem hópurinn leggur í er rúmlega þúsund kílómetra langt.

• Scott Cooper skrifaði handritið sjálfur eftir söguhugmyndum Donalds E. Stewart og voru öll aðalhlutverkin utan eitt skrifuð með þá leikara í huga sem leika þau. Eina hlutverkið sem ráðið var í eftir á var hlutverk Philipps sem Timothée Chalamet síðan hrepti.



Wes Studi leikur Cheyenne-indíanahöfðingjann Gula Hauk sem Joseph er falið að koma til sinna heima í Montana.



Gringo

Svört kómedía



Aðalhlutverk: David Oyelowo, Charlize Theron, Joel Edgerton, Sharlto Copley, Amanda Seyfried, Thandie Newton, Diego Cataño, Rodrigo Corea og Carlos Corona **Leikstjórn:** Nash Edgerton **Bió:** Laugarásbío, Háskólabío, Sambíóið Keflavík og Borgarbió Akureyri

Frumskýnd 16. mars



Charlize Theron leikur Elaine Markinson, en hún hefur sagt í viðtölum að *Gringo* sé frumlegasta mynd sem hún hefur leikið í og sú myndasta.

Veistu svarið?

Suðurafríski leikarinn Sharlto Copley hefur verið í uppáhaldi hjá mörgum allt frá því að hann skaust beint á toppinn í kvikmyndaheiminum þegar hann lék Wikus Van De Merwe í sinni fyrstu mynd, vísindaskáldsögunni *District 9*. Hver leikstýrði henni?



Neill Blomkamp

Úr öskunni í eldinn

Harold Soyinka starfar hjá bandarísku lyfjafyrirtæki og glímir í einkalífnum við stórkostleg vandræði tengd fjárhagnum. Dag einn biðja eigendur fyrirtækisins, þau Elaine og Richard, hann um að skreppa til Mexíkó með kolólöglega efnaformúlu að marijúana-töflum sem þau vilja láta framleiða fyrir sig. Harold getur ekki neitað og gerir sér enga grein fyrir þeim lífshættulegu vandræðum sem hann er u.þ.b. að fara að flækja sig í.

Gringo er svört kómedía sem góðar líkur eru á að verði stórsællur í kvikmyndahúsum enda toppfólk sem að henni stendur þótt flest þeirra hafi hingað til verið þekkt fyrir annað en gamanmyndir.

Eftir að hinn seinheppni Harold er kominn á áfangastað ákveður mexíkóskur eiturlyfjakóngur, sem er afar ósáttur við að þau Elaine og Richard hafi hætt viðskiptum við hann, að ræna honum og nota hann til að þvinga þau aftur í viðskiptin. Vandamálið er að Elaine og Richard er nokk sama því þau ætluðu hvort sem er að segja Harold upp störfum þegar hann kæmi til baka og selja fyrirtækið ...



David Oyelowo leikur Harold sem lendir svo sannarlega á milli steins og sleggju í sendiferðinni til Mexíkó fyrir svikula vinnuveitendur sína.

Punktar

- Fyrir utan þau David Oyelowo, Joel Edgerton og Charlize Theron eru þau Amanda Seyfried og suðurafríski leikarinn Sharlto Copley sögð fara á kostum í sínum hlutverkum í *Gringo* og sýna á sér nýjar hliðar. Auk þeirra fara svo mexíkósku leikararnir Diego Cataño, Rodrigo Corea og Carlos Corona með stór hlutverk í myndinni og þykja afar fyndnir sem aðalmennirnir í mexíkóska eiturlyfjaringnum.

- Paris Jackson, dóttir Michaels Jackson og Debbie Rowe, leikur eitt aukahlutverkið í *Gringo* og er þetta frumraun hennar á leiklistarsviðinu.



Gringo er önnur bíómyndin sem bræðurnir Joel og Nash Edgerton vinna saman við en Joel leikur hlutverk Richards Rusk og Nash leikstýrir eins og hann gerði í fyrri myndinni, *The Square* árið 2008.



Víti í Vestmannaeyjum

Fjölskyldumynd

L 95 mín

Aðalhlutverk: Lúkas Emil Johansen, Róbert Luu, Ísey Heiðarsdóttir, Viktor Benóný Benediktsson, Jóhann G. Jóhannsson, Óli Gunnar Gunnarsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Gunnar Hansson og Sigurður Sigurjónsson **Leikstjórn:** Bragi Þór Hinriksson **Bíó:** Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 23. mars



Lúkas Emil Johansen leikur Jón sem áttar sig á því að ekki er allt með felldu í lífi eins andstæðinga hans í ÍBV, Ívars.

Veistu svarið?

Leikstjóri myndarinnar er Bragi Þór Hinriksson sem gerði m.a. myndirnar um ævintýri Sveppa og bestu vina hans, Góa og Villa, og nú síðast farsann skemmtilega um tvo af snjöllustu en sérkennilegustu einkaspæjurum Íslands. Hvað heita þeir?



Harry og Heimilr.

Ekki er allt sem sýnist

Hinn tíu ára gamli Jón Jónsson keppir með liði sínu Fálkum á fótboltamóti í Vestmannaeyjum. Þar kynnist hann Ívari, jafnaldra sínum úr ÍBV sem þarf óvænt á hjálp að halda, og allt í einu eru átökin bundin við fleira en fótboltavöllinn.

Víti í Vestmannaeyjum er byggð á samnefndri metsölubók Gunnars Helgasonar og fjallar um hinn tíu ára gamla Jón sem fer ásamt liðsfélögum sínum í fótboltaliðinu Fálkum í þriggja daga keppnisferð á fótboltamót í Vestmannaeyjum. Baráttan á mótinu er hörð en skemmtileg og segja má að Jón uppgötví á sér nýja hlið sem knattspyrnumaður. Utan vallar gengur líka á ýmsu og hann kynnist m.a. jafnaldra sínum, Ívari sem búsettur er í Eyjum og spilar með ÍBV. Ívar virðist við fyrstu sýn harður í horn að taka og þeir Jón kljást inni á vellinum. En eftir því sem þeir kynnast betur kemur í ljós að líf Ívars er ekki dans á rósum og smám saman þróa drengirnir með sér vinskap sem nær út fyrir völlinn. Þegar sótt er að Ívari úr óvæntri átt kemur til kasta Jóns og hinna Fálkanna að fylkja sér um hann og reyna að sannfæra fullorðna fólkið um að koma honum til aðstoðar.



Á sama tíma og allt er á suðupunkti, innan vallar sem utan, lætur nálægt eldfjall á sér kræla með ófyrirsjáanlegum afleiðingum ...



Hart er barist á vellinum í Vestmannaeyjum en átökin eiga eftir að fara í óvæntar áttir utan vallar.

Punktur

- Víti í Vestmannaeyjum var tekin upp síðasta sumar á Orkumótinu í Eyjum. Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði Íslands í knattspyrnu kemur fram í myndinni ásamt markamaskínunni Margréti Láru Viðarsdóttur og Hermanni Hreiðarssyni.

- Handrit myndarinnar var skrifað af Gunnari Helgasyni, Ottó Geir Borg og Jóhanni Ævari Grímssyni. Kvikmyndatökustjóri var Ágúst Jakobs-son og um klippinguna sáu Guðni Hilmar Halldórsson og Bragi Þór Hinriksson. Tónlistin er eftir Margréti Örnólfsdóttur, leikmynd eftir Drífu Freyju-Ármannsdóttur og búningahönnuður var Helga Rós Hannam. Um hár og förðun sá síðan Kristín Júlía Kristjánsdóttir en framleiðendur eru þau Þórhallur Gunnarsson, Hilmar Sigurðsson, Kjartan Þór Þórðarson, Ragnar Agnarsson og Anna Vigdís Gísladóttir.





Sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefni, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn eru tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Pacific Rim Uprising

Spenna / Hasar / Vísindaskáldsaga



Aðalhlutverk: John Boyega, Scott Eastwood, Cailee Spaeny, Charlie Day, Burn Gorman, Rinko Kikuchi, Jing Tian, Adria Arjona og Karan Brar **Leikstjórn:** Steven S. DeKnight **Bió:** Laugarásbió, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóin Egilshöll og Keflavík og Borgarbió Akureyri

Frumskýnd 23. mars



Kaiju-skrímslin eru orðin mun öflugri en þau voru en hin manngerðu Jaeger-varnartæki hafa líka þróast og eru betur vopnum búin en áður.

Veistu svarið?

Þegar Scott Eastwood, sonur Clints Eastwood, var að hefja leiklistarferil sinn notaði hann dulnefnið Scott Reeves. Undir því nafni lék hann í sinni fyrstu mynd sem var reyndar leikstýrt af föður hans og var að hluta til tekin upp á Íslandi. Hvaða mynd var það?



Flags of our Fathers

Baráttan var ekki búin

Nokkur ár eru liðin síðan Stacker Pentecost og mönnum hans tókst að ráða niðurlögum síðasta Kaiju-skrímslisins og loka fyrir gátt þeirra á botni Kyrrahafsins. Það verður því uppi fótur og fit þegar í ljós kemur að einhver hefur opnað gáttina aftur og að yfirvofandi er ný árás enn öflugri skrímsla en áður.

Vísindaskáldsöguhasarinn *Pacific Rim* eftir Guillermo del Toro sem var frumsýndur sumarið 2013 er áreiðanlega enn í fersku minni kvikmyndaunnenda, enda naut sú mynd mikilla vinsælda um allan heim og halaði inn hátt í 500 milljónir dollara í miðasölu. Strax var farið að tala um gerð framhaldsmyndar sem nú er loksins tilbúin og verður frumsýnd á sama tíma um allan heim 23. mars.

Nokkur ár eru liðin síðan síðast og við kynnumst hér syni Stackers Pentecost, Jake Pentecost, sem þrátt fyrir að vera efins um að geta fetað í fótspor föður síns sem varð alþjóðleg hetja eftir að hafa fórnað lífi sínu í fyrri bardaganum, tekur að sér ásamt keppinanti sínum, Nate Lambert, að leiða nýja sveit Jaeger-stjórnenda gegn Kaiju-skrímslunum þegar þau birtast skyndilega á ný úr hafinu ...



Þeir John Boyega og Scott Eastwood leika þá Jake og Nate sem fara fremstir í flokki Jaeger-stjórnendanna sem berjast við Kaiju-skrímslin.

Punktar

- Upphaflega ætlaði Guillermo del Toro, aðalhöfundur og leikstjóri fyrri myndarinnar, að leikstýra þessari líka en ákvað síðan að leikstýra frekar *The Shape of Water* sem er þegar þetta er skrifað tilnefnd til þrettán Óskarsverðlauna. Guillermo er þó einn af aðalframleiðendum *Pacific Rim Uprising*, ásamt og John Boyega.

- *Pacific Rim Uprising* er fyrsta bíómyndin sem Steven S. DeKnight leikstýrir en hann er þó enginn nýgræðingur í bransanum og á m.a. að baki framleiðslu og leikstjórn vinsælla sjónvarpsþátta eins og *Angel*, *Dollhouse*, *Smallville*, *Spartacus* og *Daredevil*.



Charlie Day og Rinko Kikuchi snúa aftur úr fyrri myndinni sem þau Newton Geiszler og Mako Mori auk Burns Gorman sem leikur vísindamanninn dr. Hermann Gottlieb á ný.

AN ADVENTURE TOO BIG FOR THE REAL WORLD



A STEVEN SPIELBERG FILM

READY PLAYER ONE



FRUMSÝND 28. MÁRS

Einn, tveir og gulrót!

Bíómyndin Pétur kanína, sem er bæði leikin og tölvuteiknuð, er byggð á sögum enska barnabókarithöfundarins Beatrix Potter um hann og fjölskyldu hans sem á í útistöðum við landeigandann herra McGregor, en honum er alveg meinilla við öll dýr, ekki síst kanínur sem vilja borða uppskeruna hans.

Fyrsta sagan um Pétur kanínu kom út árið 1902 og varð þegar einhver vinsælasta barnabók Breta fyrr og síðar. Sagan í myndinni er hins vegar látin gerast nokkru síðar en upprunalegu sögunnar, eða þegar frændi hins gamla McGregors tekur við búi hans og reynist alveg eins illskeyttur gagnvart dýrunum og sá gamli var. En Pétur er úrræðagóður með afbrigðum og ákveðinn í að láta þennan nýja landeiganda ekki komast upp með neitt múður. Með honum í liði eru systur hans þrjár, Lúffa, Múffa og Bómullarhnoðri, ásamt frænda þeirra Benjamín og listakonunni Beu sem ólíkt McGregor er vinveitt dýrunum. Í gang fer eldfjörug og fyndin barátta um gulrætur og annað grænmeti sem um leið er frábær fjölskylduskemmtun!

Punktur

- *Pétur kanína* er að sjálfsgöðu talsett á íslensku en í aðalhlutverkum mennsku persónanna í myndinni eru þau Domhnall Gleeson, Rose Byrne, Sam Neill og Marianne Jean-Baptiste.



Pétur kanína

Fjölskyldumynd

L 95 min

Íslensk talsetning: Sigurður Þór Óskarsson, Hannes Óli Ágústsson, Vala Kristín Eiríksdóttir, Puríður Blær Jóhannsdóttir, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Björgvin Franz Gíslason, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Harald G. Haralds, Steinn Ármann Magnússon, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Edda Björg Eyjólfssdóttir **Leikstjórn:** Rósa Guðný Þórsdóttir **Bíó:** Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Sambíóið Egilshöll og Borgarbíó Akureyri

Frummynd 23. mars





Every Day

Fantasía / Rómantik



Aðalhlutverk: Angourie Rice, Justice Smith, Debby Ryan, Maria Bello, Jeni Ross, Lucas Jade Zumann, Katie Douglas, Jacob Batalon, Ian Alexander og margir fleiri **Leikstjórn:** Michael Sucsy **Bíó:** Laugarásbíó, Smárabíó, Háskólabíó, Sambíóið Keflavík og Borgarbíó Akureyri

Frumskýnd 28. mars



Rhiannon á auðvitað erfitt með að trúá því til að byrja með að A sé til og flakki á milli líkama en smám saman er efasemdum hennar eytt.

Veistu svarið?

Leikstjóri myndarinnar er Emmy-verðlaunahafinn Michael Sucsy en *Every Day* er önnur bíómyndin sem hann sendir frá sér sem leikstjóri. Sú fyrri var ástarsagan *The Vow* sem var frumsýnd 2012. Hvaða leikari og leikkona léku aðalhlutverkin í henni?




Channing Tatum og Rachel McAdams.

Nýr líkami – sama sálin

Sagan í *Every Day* er afar sérstök en hún segir frá hinni 16 ára gömlu Rhiannon sem verður ástfangin af persónu – eða sál – sem vaknar á hverjum degi í öðrum líkama en hún var í í gær.

Myndin er byggð á samnefndri unglingabók bandaríska rithöfundarins Davids Levithan sem kom út í ágúst 2012 og sat um margra vikna skeið á metsölulista New York Times.

Sálin sem um ræðir og flakkar á milli líkama á 24 klukkustunda fresti nefnist einfaldlega A í sögunni. Hún á sínar eigin minningar en um leið og hún yfirtekur nýjan líkama tengist hún um leið við allar minningar þess sem á hann þannig að aðstæður hans – eða hennar – koma A aldrei á óvart.



Sagan hefst þegar A vaknar einn morguninn enn, í þetta sinn í líkama pilts að nafni Justin. Þegar A mætir í skólann hittir hann unnustu Justins, Rhiannon, og finnur strax til sterkrar tengingar við hana, tengingar sem A hefur aldrei fundið til áður í öðrum líkómum. Upp frá því reynir A að hitta Rhiannon á hverjum degi í þeim líkómum sem hún vaknar í og að því kemur að Rhiannon fer ekki bara að trúá því að A sé til og að hún flakki á milli líkama heldur verður hún ástfangin af henni, sama í hvaða líkama hún er þann daginn. En þessu ástarsambandi fylgja að sjálfsögðu mörg vandamál sem mörg hver eru ekki síður sérstök en sambandið sjálft ...



Þau A og Rhiannon hittast fyrst þegar A tekur yfir líkama unnustu hennar, Justins, sem leikinn er af Justice Smith og er einn af fimmtán leikurum myndarinnar sem leika A í fimmtán mismunandi líkómum.

Punktur

- Angourie Rice, sem leikur Rhiannon í *Every Day*, er fædd 1. janúar 2001 og var því í raun 16 ára þegar hún lék í myndinni. Þrátt fyrir þann unga aldur á hún nú þegar leik í fjölmörgum myndum að baki enda hóf hún ferilinn aðeins 7 ára. Hér á landi er hún sennilega þekktust fyrir að hafa leikið Betty í *Spider-Man Homecoming* og fyrir að leika dóttur Ryans Gosling í myndinni *The Nice Guys*.



Debby Ryan leikur bestu vinkonu Rhiannon, Jolene.

Eruð þið tilbúin?

Ready Player One er nýjasta mynd Stevens Spielberg en hún er gerð eftir geysivinsælli verðlauna- og metsölubók Ernest Cline. Þetta er einstaklega frumlegt og viðburðaríkt ævintýri og vísindaskáldsaga sem gerist að mestu í hinni stórfenglegu tölvuveröld Oasis þar sem fjölmargir þekktir karakterar búa.

Ready Player One gerist árið 2045 þegar alvarlegur orkuskortur og loftslagsbreytingar hafa haft neikvæð áhrif á líf flestra jarðarbúa. Við kynnumst hér hinum unga Wade Watts sem eins og milljónir annarra býr við kröpp kjör í Oklahómaborg. Til að gefa hversdagslífi sínu tilgang flýr Wade ásamt öllum öðrum sem það geta inn í tölvuveröldina Oasis eins oft og hann getur og leitar þar m.a. vísbendinga um hvar skapari Oasis, James Halliday sem lést fimm árum fyrr, hafi falið svokallað „páskaegg“, en James hafði lofað þeim sem fyndi það fullum yfirráðum yfir Oasis og öllum sínum eigum sem eru metnar á 500 milljarða dollara. Til að finna eggjið þarf samt fyrst að finna vísbendingarnar sem eru í formi þriggja „lykla“.

Dag einn uppgötvar Wade, sem notar nickið Parzival þegar hann er í Oasis-heiminum, hvar fyrsta lykilinn að leyndardóminum er að finna. Upp frá því breytist líf hans og tilvera hans algjörlega og á þann hátt sem hann hefði sjálfur aldrei getað ímyndað sér ...



Tye Sheridan leikur Wade Watts, öðru nafni Parzival, sem fyrstur uppgötvar hvar fyrsta lykilinn að hinu verðmæta „páskaeggi“ er að finna.


Ready Player One

Ævintýri / Vísindaskáldsaga



Aðalhlutverk: Tye Sheridan, Olivia Cooke, Ben Mendelsohn, Simon Pegg, T.J. Miller, Hannah John-Kamen, Mark Rylance, Letitia Wright og Lena Waithe **Leikstjórn:** Steven Spielberg **Bíó:** Sambíóin Álfa- bakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Laugarásbíó, Selfossbíó, Ísafjarðarbíó, Bíóhöllin Akranesi, Eyjabíó, Króksbíó og Skjaldborgarbíó

Frumskýnd 28. mars



Ben Mendelsohn leikur „vonda kallinn“ í myndinni, hinn gráðuga Nolan sem er staðráðinn í að komast yfir Oasis með öllum ráðum.

Veistu svarið?

Segja má að ferill hins 21 árs gamla Tyes Sheridan hafi farið á flug strax í upphafi þegar hann lék í myndunum *Tree of Life*, *Mud* og *Joe*. Síðan hefur hann leikið í mörgum myndum, þ. á m. einn af X-mönnum í myndinni *X-Men: Apocalypse*. Hvern?



Scott Summers / Cyclops

Punktar

• Eins og gefur að skilja er stór hluti *Ready Player One* tölvuteiknaður annars vegar og hins vegar gerður með svokallaðri „stop-motion“-tækni. Af þessum sökum tók eftirvinnsla hennar mun lengri tíma en upptökur á leiknu atriðunum, en þeim var löngu lokið þegar Steven Spielberg byrjaði á sinni næstu mynd, *The Post*, sem þó hefur þegar verið frumsýnd. Hermt er að *Ready Player One* sé tæknilegt meistaraverk og stórkostleg veisla fyrir augu og eyru.



Í myndinni koma fram fjölmargir karakterar úr öðrum myndum og leikjum, þ. á m. úr *Járnrisanum*, *Nightmare on Elm Street*, *TRON*, *LOTR*, *King Kong*, *Back to the Future*, *Tomb Raider* og mörgum fleiri sögum.

**Kauptu 1 dós og
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ
BRAGÐMIKIÐ FERÐALAG***



**UPPLIFÐU HEIM
BRAGÐLAUKANNA**

*Kauptu eina Pringles dós og þú átt möguleika á að vinna ferð fyrir tvo til eins af eftirtöldum áfangastöðum; Róm, Berlín, Barcelona, Santorini eða Ibiza. Leikurinn stendur til 31.05.2018 og er aldurstakmark 18 ár. Ferðin inniheldur flug og gistingu. Fara þarf í ferðina fyrir 30.06.2019. Nafn hvers þátttakanda fer aðeins einu sinni í pottinn á dag og á hver þátttakandi aðeins möguleika á einum vinningi. Nánari upplýsingar um vinninga, skilmála, skráningu og þátttöku má sjá á https://winatrip.pringles.com/en_GR/Home